Velkomin í Heilsuleikskólann Bæjarból

2021

Bæjarból

Efnisyfirlit

01 Um leikskólann

02 Að byrja í leikskóla - aðlögun

03 Markmið

04 Gildi og samskipti

05 Rafræn heilsubók barnsins

06 Heilsufar, ofnæmi og fjarvistir

07 Dvalartímar, sumarleyfi og gjöld

08 Starfsdagar og leikskóladagatal

09 Foreldrasamstarf og upplýsingaleiðir

10 Leikskólafötin

11 Ýmislegt hagnýtt

12 Hefðir og hátíðir

13 Dagskipulag leikskólans

14 Starfsfólk

Að lokum

Samskiptasáttmáli

01 Um leikskólann

Heilsuleikskólinn Bæjarból Bæjarból er fjögurra deilda leikskóli, þar dvelja allt að 82 börn samtímis og sér Garðabær um rekstur hans. Bæjarból er fyrsti leikskólinn í Garðabæ sem byggður er sem slíkur en hann var tekinn í notkun 1976. Síðan þá hefur verið tvisvar verið byggt við hann, síðast árið 2000 en þá bættist við stór salur. Þessi breyting á aðstöðu og námsumhverfi hefur stuðlað að breyttum áherslum í skólastarfinu. Alla tíð hefur verið mikill áhugi á hreyfingu og heilbrigðum lífsháttum á Bæjarbóli og árið 2010 fékk leikskólinn viðurkenningu sem Heilsuleikskóli og er aðili að Samtökum um Heilsuleikskóla. Markmið heilsustefnunnar er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Þessi markmið falla vel að þeim áherslum sem unnið er eftir á Bæjarbóli en aðalsmerki skólans hafa verið leikgleði, agi og lífsleikni. Mikil áhersla er lögð á góð samskipti í leikskólanum sem eiga að einkennast af gleði, samvinnu, virðingu og umhyggju. Settur hefur verið saman sáttmáli um samskipti sem nær til starfsfólks, foreldra og barna og hefur áhrif á skólabrag leikskólans. Bæjarból er samstarfsskóli Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og tekur við kennaranemum skólans. Frekari upplýsingar um námskrá má sjá á heimasíðu leikskólans www.baejarbol.is

02 Að byrja í leikskóla – aðlögun

Þegar barn hefur fengið leikskólapláss á Bæjarbóli, eru foreldrar boðaðir í viðtal í leikskólanum. Þar er kynnt starfsemi leikskólans, skipst á upplýsingum og skrifað undir dvalarsamning.

Mikilvægt er að standa vel að aðlögun barns í leikskóla frá upphafi. Barnið þarf að aðlagast nýju umhverfi, kynnast börnum og fullorðnum sem fyrir eru, læra að vera í hóp, virða reglur o.fl. Foreldrar fá kynningu á tilhögun aðlögunarinnar og a.m.k. annað foreldri dvelur með barninu í upphafi leikskólagöngu. Gera má ráð fyrir að aðlögun taki um það bil fimm daga. Meðan á aðlögun stendur gefst foreldrum tækifæri til að kynnast starfsmönnum deildarinnar og því starfi sem fram fer í leikskólanum. Með því er lagður góður grunnur að ánægjulegri leikskóladvöl. Mikilvægt er að jákvæð samskipti skapist á milli foreldra og starfsmanna því það stuðlar að jákvæðum viðhorfum barnsins og foreldra til leikskólans.

03 Markmið

Í leikskólanum er unnið eftir gæðakerfi sem byggir á sameiginlegri ákvörðun starfsmannahópsins um vinnubrögð og starfshætti.

Aðalnámskrá leikskóla og skólastefna Garðabæjar er rammi utan um starfið og út frá þeim unnin gæðahandbók sem inniheldur skólanámskrá Bæjarbóls ásamt vinnulýsingum. Markmið leikskólastarfs skv. 2.gr. laga um leikskóla frá árinu 2008 er ***að veita börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms – og leikskilyrði***. Nám fer fram í gegnum leik og skapandi starf.

Einkunnarorð – gildi leikskólans Einkunnarorð Bæjarbóls eru leikgleði, agi og lífsleikni. Hugtökin eru nátengd og fléttast saman í starfi leikskólans. Leikgleði: Grundvallaratriði er að börnum, foreldrum og starfsfólki líði vel. Þegar gleði ríkir hefur það jákvæð áhrif á starfið og samskipti allra aðila. Agi: Allir þurfa að fylgja ákveðnum reglum sem gilda í umhverfinu og öðlast ákveðinn sjálfsaga. Lífsleikni: Með lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálf og eiga í góðum samskiptum við aðra. Samskiptasáttmáli Leikskólinn Bæjarból er með skráðan sáttmála varðandi samskipti. Lögð er áhersla á að samskiptin einkennist af jákvæðu viðmóti, samvinnu, nærgætni, virðingu og gleði. Sáttmálinn nær til allra í skólasamfélaginu, foreldra, starfsmanna og barna og hefur áhrif á skólabrag leikskólans.

04 Gildi og samskiptasáttmáli

Gildi, einkunnarorð Bæjarbóls eru ***leikgleði, agi og lífsleikni***. Hugtökin eru nátengd og fléttast saman í starfi leikskólans.

Leikgleði: Grundvallaratriði er að börnum, foreldrum og starfsfólki líði vel. Þegar gleði ríkir hefur það jákvæð áhrif á starfið og samskipti allra aðila.

Agi: Allir þurfa að fylgja ákveðnum reglum sem gilda í umhverfinu og öðlast ákveðinn sjálfsaga. **Lífsleikni:** Með lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálf og eiga í góðum samskiptum við aðra.

Leikskólinn Bæjarból vinnur eftir ákveðnum skráðum **sáttmála** varðandi samskipti. Lögð er áhersla á að samskiptin einkennist af jákvæðu viðmóti, samvinnu, nærgætni, virðingu og gleði. Sáttmálinn nær til allra í skólasamfélaginu, foreldra, starfsmanna og barna og hefur áhrif á skólabrag leikskólans.

05 Rafræn heilsubók barnsins

Heilsuleikskólinn Bæjarból starfar eftir Heilsustefnunni sem stofnuð var árið 2005. Markmið hennar er að stuðla að heilsueflingu í leikskólasamfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Unnið er eftir ákveðnum viðmiðum og er heilsubók barnsins ákveðinn gæðamatskvarði heilsuleikskóla sem segir til um hvort settum markmiðum heilsustefnunnar sé náð.

Heilsubók barnsins var einungis í pappírsformi en er nú orðin rafræn. Skráning í heilsubók barnsins veitir kennurum haldbæran grunn í foreldrasamtölum sem gefur hlutlausa sýn á þroskasögu barnsins á meðan á dvöl í leikskólanum stendur. Skráningarnar eru í öllum tilfellum trúnaðarmál.

Hér er hægt að lesa sér til um heilsustefnuna sem leikskólinn starfar eftir http://heilsustefnan.is/

Í heilsubókina er til dæmis skráð: næring og sjálfshjálp (matarvenjur, færni við matarborð, svefn, að klæða sig sjálfur), félagsleg færni (leikur, samskipti og líðan), grófhreyfingar (hopp, hlaup, jafnvægi, samhæfing), fínhreyfingar (teikningar, færni með skæri, þekking, grip um skriffæri).

Einnig er tekið þátt í verkefninu heilsueflandi leikskólar á vegum landlæknisembættisins.

HEILSUEFLANDI leikskóli
vellíðan fyrir alla

06 Heilsufar, ofnæmi og fjarvistir

Foreldrum er bent á að leikskólastarfið er skipulagt með það í huga að öll börn geti tekið þátt í starfinu bæði úti og inni. Þar sem hreyfiþjálfun er eitt af markmiðum skólans er lögð áhersla á hreyfingu í útiveru jafnt sem inniveru. Samkvæmt þeim upplýsingum sem starfsfólk leikskólans hefur frá barnalækni, þá er ekkert sem bendir til þess að barn sýkist fremur í útilofti en innandyra. Veik börn eiga **ekki** að vera í leikskólanum. Ef foreldrar halda að barn sitt sé að veikjast, er æskilegt að það sé heima, meðan veikindin ganga yfir barnið orðið hitalaust. Lyf eru ekki gefin í leikskóla nema í undantekningartilfellum. Ef barn er haldið langvarandi sjúkdómi (t.d. astma eða flogaveiki) og þarf að fá lyf á dvalartíma í leikskólanum getur starfsmaður gefið lyfið. Lyfjagjöf er á ábyrgð foreldra. Ef gefa á barni lyf, þarf foreldri að fylla út þar til gert eyðublað (Ebl. 17, lyfjablað) og undirrita.

Tekið er tillit til **ofnæmis og óþols** varðandi matarræði ef fyrir liggur vottorð frá lækni. Vottorð þarf að endurnýja árlega.

Vinsamlegast tilkynnið ef barn er fjarverandi, hvort sem um er að ræða veikindi eða frí.

07 Dvalartímar, sumarleyfi og gjöld

Leikskólinn opnar kl: 7:30 og lokar 17:00. Foreldrum er skylt að virða þann dvalartíma sem barninu er úthlutað og ákveðnir eru í Samningi um dvöl um leikskóla . Starfsmannahald er skipulagt með tilliti til fjölda barna á hverjum tíma.

Leikskólagjöldin eru innheimt fyrirfram í gegnum heimabanka. Skuldi foreldrar þrjá mánuði eða meira verður Samningi um leikskólavist sagt upp af hálfu Garðabæjar. Gjaldskrá er aðgengileg bæði á heimasíðu Garðabæjar og leikskólans. Vinsamlegast athugið að sækja þarf sérstaklega um afslætti af gjöldum t.d. Systkinaafslátt eða námsmannaafslátt.

Leikskólar í Garðabæ eru opnir yfir sumartímann en sumarleyfi barna eru að lágmarki **fjórar samfelldar vikur** og falla gjöldin niður að jafnaði í júlímánuði. Gjald fellur því aðeins niður að barnið komi aftur til baka eftir sumarleyfi. Upplýsingar um sumarleyfi þurfa að berast fyrir 15. mars vegna skipulagningar á sumarstarfi og orlofi starfsmanna.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á leikskóladvöl er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Segja þarf upp dvalarsamningi rafrænt í gegnum þjónustugátt Garðabæjar.

Óski foreldrar eftir breytingu á vistunartíma skal sækja um það í þjónustugátt Garðabæjar og til leikskólastjóra fyrir 15. hvers mánaðar til að breyta næstkomandi mánuði. Reynt er að verða við óskum foreldra ef kostur er.

08 Starfsdagar og leikskóladagatal

Starfsdagar starfsfólks eru 3,5 á ári og menntadagur í Garðabæ er 0,5 dagur á ári. Leikskólinn er því lokaður **fjóra daga** á ári vegna undirbúnings leikskólastarfsins. og leikskólinn því lokaður þá daga. Starfsfólk notar starfsdagana til að endurmeta og undirbúa starfið. Þeir nýtast einnig í námskeið og fyrirlestra. Skipulagsdagur er ákveðinn í samráði við grunnskólana.

Hægt er að sjá hvaða dagar eru starfsdagar í leikskóladagatali leikskólans sem er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans en einnig koma þeir fram í viðburðardagatali á forsíðu heimasíðunnar.

09 Foreldrasamstarf og upplýsingaleiðir

Foreldrar eru hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu og við leikskólann eru starfandi bæði foreldrafélag og foreldraráð. Foreldrafélagið heldur meðal annars utan um foreldrasjóðinn og skipuleggur ýmsar uppákomur, fræðslu og námskeið . Foreldrafélagið sér meðal annars um piparkökuskreytingadag, jólagjafir, sveitaferð og sumarhátíð. Foreldraráð er lögbundið og hlutverk Þess er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Upplýsingatöflur hanga í eða við fataklefa og eru foreldrar beðnir um að fylgjast með upplýsingum sem þar eru. Ýmsar leiðir eru nýttar til upplýsingagjafar t.d. tölvupóstar, Karellen appið, heimasíða Bæjarbóls og foreldrasamtöl. Aðgangur aðstandanda í innra kerfi og appi karellen getur gefið yfirsýn og upplýsingar um dag barnsins í leikskólanum. Mismunandi er á milli deilda hversu mikið er skráð í kerfið en mikilvægt að foreldrar hlaði appinu í símann sinn.
Almennt eru foreldrasamtöl tvisvar á ári, að hausti og að vori en foreldrum **er ávallt velkomið að óska eftir samtali** við deildarstjóra ef þurfa þykir.

10 Leikskólafötin

Að læra að vega og meta klæðnað eftir veðri hefur uppeldislegt gildi. Fatnaður barnsins þarf að vera aðgengilegur fyrir barnið svo það geti sjálft fundið þau föt sem á þarf að halda.

Allur útifatnaður er settur í fatahólf barnsins og er tekinn heim á föstudögum ásamt öllum skófatnaði. Barnið hefur eigin körfu í fataherberginu fyrir aukafatnað. Í körfunni getur barnið sjálft fundið þann fatnað sem það þarf til skiptanna. Þennan aukafatnað þarf ekki að taka heim, einungis bæta í eftir þörfum. Nauðsynlegt er að foreldrar fari reglulega yfir körfuna og tryggi að allt sé í henni. Þvo þarf útiföt reglulega.

Vetrarföt

Hlý peysa
Pollagalli
Kuldagalli
Húfa
Vettlingar X 2
Ullarsokkar
Stígvél
kuldaskór

Sumarföt

Hlý peysa
Pollagalli
Húfa – létt
Vettlingar
Úlpa
Strigaskór
Stígvél
ullarsokkar

Í körfu

Nærbuxur
Bolir
Sokkar X 2
Sokkabuxur/ leggings
Buxur
Peysa

Allur fatnaður barnsins þarf að vera merktur

11 Ýmislegt hagnýtt

- **Matseðill** er gerður fyrir einn mánuð í senn og er unnin í samræmi við næringarstefnu heilsuleikskóla. Matseðla geta foreldrar nálgast á heimasíðu skólans og í gegnum karellen appið.
- Að eiga **afmæli** er stór stund í lífi barns. Afmælisbörn undirbúa með starfsmanni kórónuna sína, velja á hana lit, lögun og skreyta. Á afmælisdaginn ber barnið kórónuna og stjórnar með starfsmanni söng og leik í samverustund. Í söngsal er sungið fyrir afmælisbörn vikunnar og sprengdir þykjustuflugeldar. Boð í afmæli gerast fyrir utan leikskólann og bent er á að bjóða heilum hóp í afmæli heim og skilja ekki börn útundan. Hægt er að fá upplýsingar um netföng hjá deildarstjóra.
- **Leikfangadagur** er einu sinni í mánuði, september til maí, síðasta föstudag hvers mánaðar. Þá mega börnin koma með leikfang að heiman sem fer vel í hendi og deila því með hinum börnunum. Vinsamlegast komið ekki með stríðsleikföng og hávær leikföng.
- **Slys og tryggingar.** Leikskólinn er ábyrgur fyrir barninu þann tíma sem það dvelur í leikskólanum. Verði barn fyrir óhappi eða slysi leitast leikskólinn eftir því að ná í foreldra til að láta þá vita og gefa þeim kost á að fara með barn sitt á slysastofu ef með þarf. Náist ekki í foreldra fer starfsfólk leikskólans með barnið. Öll slík óhöpp eða slys eru skráð á sérstök eyðublöð. Börnin eru slysatryggð í leikskólanum. Hafi slysin varanlegar afleiðingar gilda almennir tryggingaskilmálar. Starfsmenn fá skyndihjálparfræðslu annað hvert ár.

12 Hefðir á hátíðir

Í leikskólanum er komin hefð á ýmsa viðburði yfir skólaárið. Meðal þess er

Þorrablót
Íþróttadagur að vori
Útskriftarferð
Furðufataball á öskudag
Opið hús í lok vetrar
Jólaball
Jólagjafir sem börnin gera fyrir foreldra
Dagur leikskólans
Dagur íslenskrar tungu
Söngsalur – samsöngur í sal
Flæði – leikur barna á milli deilda
Leikfangadagur
Foreldrakaffi
Ömmu og afakaffi
Hjóladagur
Og margt fleira.....

13

Dagskipulag leikskólans

Kl.	Yngri deildar
7:30 8:00	Leikskólinn opnar, aðeins ein deild opin
8:15 8:45	Morgunverður/fínhreyfistundir (mikilvægt að mæta tímanlega í morgunmatinn)
8:45 9:30	Frjáls leikur / skipulögð stund
9:30 10:00	Samverustund, ávaxta- eða grænmetishressing
10:00 11:00	Útivera / skipulögð stund
11:20 11:50	Hádegisverður
11:50 13:00	Hvíld/ svefn/róleg stund
13:00 14:30	Frjáls leikur inni/úti
14:30 15:00	Síðdegishressing
15:00 16:00	Frjáls leikur inni/úti
16:00 16:30	Ávextir, leikur
16:30 17:00	Sameinast á eina deild – lokað kl.17:00

Kl.	Eldri deildar
7:30 8:00	Leikskólinn opnar, aðeins ein deild opin
8:15 8:45	Morgunverður/fínhreyfistundir (mikilvægt að mæta tímanlega í morgunmatinn
8:45 9:30	Frjáls leikur / skipulögð stund
9:30 10:00	Samverustund, ávaxta- eða grænmetishressing
10:00 11:15	Útivera / skipulögð stund
11:30 12:00	Hádegisverður
12:00 13:00	Hvíld/róleg stund/svefn
13:00 14:30	Frjáls leikur inni/úti
14:30 15:00	Síðdegishressing
15:00 16:00	Frjáls leikur inni/úti
16:00 16:30	Ávextir, leikur
16:30 17:00	Sameinast á eina deild – lokað kl.17:00

Vinsamlegast virðið vistunartíma og ónáðið ekki á matmálstímum og í hvílu.

14 Starfsfólk

Anna Bjarnadóttir
Leikskólastjóri
Sími: 591 9340
Netfang: annab@leikskolarnir.is

Sigurlína Björg Hauksdóttir
Deildarstjóri á Móholti
Sími: 591 9342
Netfang: sigurlinaha@leikskolarnir.is

Gunnhildur Sveinsdóttir
Deildarstjóri á Nónholti
Sími: 591 9342
Netfang: gunnhildurs@leikskolarnir.is

Rósa Berglind Arnardóttir
Aðstoðarleikskólastjóri
Sími : 591 9340
Netfang: rosaar@leikskolarnir.is

Ragnheiður Dísa Gunnarsdóttir
Deildarstjóri á Hraunholti
Sími: 591 9348
Netfang: ragnheidurgun @leikskolarnir.is

Maria Sofia Castillo
Deildarstjóri á Hnoðraholti
Sími: 591 9347
Netfang: mariaca@leikskolarnir.is

Íris Stella Sverrisdóttir
Sérkennslustjóri
Sími: 591 9349
Netfang: iriss@leikskolarnir.is

María Gróa Pétursdóttir
Verkefnastjóri yfir hreyfingu
Sími: 591 9344
Netfang: mariapetu@leikskolarnir.is

Iwona Irena Tyszkowska
Matráður
Sími: 591 9346
Netfang: Iwonaty@leikskolarnir.is

Frekari upplýsingar um starfsfólk er að finna á heimasíðu leikskólans og í anddyri hverrar deildar

Að lokum



Ýmislegt ítarefni er á heimasíðu leikskólans:
www.baejarbol.is

Samskiptasáttmáli Bæjarbóls

Gleði og ánægja

Allir þurfa að finna fyrir gleði og ánægju í leikskólanum og fá að njóta sín á eigin forsendum.

Við sýnum öðrum áhuga og leggjum okkur fram um að brosa, hrósa og vera glöð.

Virðing og heiðarleiki

Við hlustum á aðra af virðingu og tjáum skoðanir á heiðarlegan hátt.

Við hlustum á aðra af áhuga og komumst að sameiginlegri niðurstöðu sem er virt og fylgt eftir af einhug.

Umhyggja og nærgætni

Við sýnum hvert öðru umhyggju og gætum orða okkar. Allir þurfa að finna að þeir skipti máli í starfi dagsins og virði tíma hvers annars.

Við hjálpumst að við að leysa ágreiningsmál fljótt og tökum athugasemdum og ábendingum á jákvæðan hátt.

Samvinna og jákvæðni

Við hjálpumst að við að láta starfið ganga hvern dag eftir því skipulagi sem ákveðið er hverju sinni.

Við deilum upplýsingum sem eru mikilvægar og tökum virkan þátt í starfi leikskólans með jákvæðu hugarfari.